

**Umsögn Félags háskólamenntaðra ráðstefnutúlka um þingsályktunartillögu um dómtúlka
(150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 348 – 307. mál)**

Reykjavík 26.03.2020

Félag háskólamenntaðra ráðstefnutúlka lýsir ánægju með tillögu til þingsályktunar um dómtúlka og styður hana heils hugar.

Um leið bendir félagið á að í greinargerð með tillögunni er þversögn, þar sem annars vegar er nefnt að hægt væri að nýta við dómtúlkun þekkingu þeirra sem útskrifast úr námsleiðum Háskóla Íslands í nýtjaþýðingum og hins vegar að þýðandi sé ekki endilega góður túlkur.

Okkur þykir nær að nefna til sögunnar meistaranám Háskólans í ráðstefnutúlkun. Sú námsbraut er til, hefur verið kennd og til eru Íslendingar sem hafa íslenska háskólagráðu í ráðstefnutúlkun af og á íslensku. Að okkar mati nær sú menntun yfir alla þætti sem þarf til að geta starfað sem dómtúlkur og það ætti í raun einungis að vera formsatriði að löggilda ráðstefnutúlka með MA-próf sem dómtúlka.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Félags háskólamenntaðra ráðstefnutúlka

Birna Imsland

formaður